



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. Laufeyjar H. Guðmundsdóttur
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28. ágúst 2018

1601076SA KB
Málalykill: 08.21

Efni: Umsögn um tillögu að viðauka við almenna stefnu um úrgangsforvarnir 2016 - 2027 "Saman gegn sóun".

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur farið yfir tillögu að viðauka við almenna stefnu um úrgangsforvarnir 2016-2017, sem birt er til umsagnar í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Tillagan er tilkomin vegna athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA og snýr að vöntun á vegvísum og markmiðum um úrgangsforvarnir, til að hægt sé að mæla árangur af stefnunni.

Í tillöguna hafa verið valdir tilteknir úrgangsflokkar, svo sem plast-, textíl- og sláturúrgangur. Fyrir þessa úrgangsflokka liggja fyrir nokkuð áreiðanlegar tölur um magn úrgangs. Vísarnir og markmiðin í tillögunni voru ákveðin í samráði við fagaðila og eru talin raunhæf. Sambandið gerir því ekki athugasemdir við framkomna tillögu að viðaukanum.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri